

## Því dæmist rétt vera.

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi feldur, og ber undirdómaranum að taka málið fyrir af nýju og leggja dóm á það í aðalefni þess. Stefndi Árni Sveinsson greiði áfrýjanda Hannesi Thorsteinson fyrir hönd Leontio Warburgs Sön & Co. 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Ídæmdan málskostnað ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 7. desembermánaðar.

Nr. 49/1908:

Valdstjórnin

gegn

Páli Bergssyni.

## D ó m u r:

Í máli þessu var Páll Bergsson, kaupmaður í Reykjavík, kærður fyrir ólöglegar veitingar áfengra drykkja, og var hann með lögregluréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 3. október þetta ár, dæmdur fyrir nefnt brot til að greiða 100 kr. sekt í bæjarsjóð Rvíkur og til að greiða allan sakarkostnaðinn; svo voru og áfengisdrykkir þeir, er hjá honum fundust, dæmdir upptækir, og ákveðið að andvirði þeirra renni í bæjar-

sjóð. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk hins kærða.

Þrátt fyrir stöðuga neitun kærða er það löglega sannað með eiðfestum samhljóða vitnisburði þriggja manna, sem er í samræmi við skýrslur tveggja næturvarða bæjarins, að kærði hafi 30. sept. þ. á. selt þeim 6 flöskur af áfengu öli (Carlsberg-öli) fyrir kr. 1,80 alls, og drukku þeir ölið samstundis í húsum hans. Tveir af vitnunum hafa og borið það, að þeir hafi áður keypt og drukkið áfengt öl hjá kærða. Hann hefir og áður með úrskurði lögregluréttarins 9. sept. þ. á. verið sektaður um 50 kr. fyrir ólöglegar áfengisveitingar. Kærði hefir eigi leyfi til að selja eða veita áfenga drykki, og hefir hann því með áður greindu athæfi sínu gjörst brotlegur gegn 13. gr. laga um verzlun og veitingar áfengra drykkja 11. nóvbr. 1899, og verður því að sæta sekt fyrir það. Með því að upphæð sektarinnar eins og hún er ákveðin með lögregluréttardóminum, þykir hæfileg og samþykkja verður ákvæði dóms þessa um upptekt áfengra drykkja og málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Kærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 10 krónur fyrir hvorn þeirra. Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður.  
Kærði Páll Bergsson greiði og allan áfrýjunarkostn-

að sakarinnar, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 40/1908

»Baldursfélagið« á Akureyri,  
þeir Ásgeir Pétursson kaupm. o. fl.  
gegn  
veitingasala N. Wollan.

#### D ó m u r:

Mál þetta höfðaði fyrir gestarétti Akureyrar cand. Valdemar Thorarensen fyrir hönd svonefnds Baldursfélags þar, en í því eru þeir Ásgeir Pétursson og Páll Þorkelsson kaupmenn, Carl F. Schjöth verzlunarstjóri, Anna Vigfússon ekkjufrú, útvegsmaður Sigurður Þórðarson og Vilhjálmur Þorsteinsson bóndi, gegn stefnda veitingasala á Akureyri, N. Wollan, fyrir vanefndir hans á kaupsamningi dags. 27. marz 1907 um húseign á Siglufirði ásamt lóðarréttindum, er Baldursfélagið seldi houum. Var mál þetta dæmt í nefnduu rétti 23. júlí þ. á. með þeim úrslitum, að stefndi var skyldaður til að afhenda cand. Valdemar Thorarensen fyrir hönd Baldursfélagsins eign þá, er fyrgreindur kaupsamningur hljóðaði um, og greiða í leigu fyrir afnot eignarinnar